



Nefndarsvið Alþingis
bt. efnahags- og skattanefndar,
Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 139/272
komudagur 17.11.2010

Reykjavík, 16. nóvember
2010
EBG/hó

**Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt, á 139.
löggjafarþingi, þskj. 84 – 80. mál**
Tilv. 2010110006

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. nóvember 2010.

Bændasamtökin hafa aldreið skorast undan að taka þátt í verkefnum sem geta aukið samstarf og samvinnu aðila í þjóðlífinu, til að byggja upp samfélag okkar að nýju. Þar nægir að nefna breytta búvörusamninga frá vori 2009. Þá hafa Bændasamtökin átt í samstarfi síðar við ríkisstjórn um önnur verkefni, m.a. hafa þau tekið þátt í fundum um stöðugleikasáttmála.

Bændasamtökin vilja með umsögn þessari vekja athygli á mikilvægi landbúnaðar í efnahags- og atvinnulífi. Störf sem unnin eru í landbúnaði og tengdum greinum eru um 10-12 þúsund en sækja má fram með markvissum aðgerðum til að efla landbúnað og þannig þjóðarhag. Mikilvægt er að gefa tækifærum hans mikinn gaum.

Bændasamtökin mæla því með samþykkt ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 139/383

komudagur 25. 11. 2010

Alþingi
b.t. Nefndasviðs
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

24. nóvember 2010

Tilvísun: 2010110052

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt, þskj. 84 - 80. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við að komið verði á fót samvinnuráði um þjóðarsátt en vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemd.


Í 7. tölul. tillögunnar er fjallað um jöfnun samkeppnisstöðu fyrirtækja á markaði. Fjármálaeftirlitið bendir á að sett hafa verið tímamörk á hversu lengi viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélög þeirra, mega reka fyrirtæki með lögum nr. 75/2010 um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í 16. gr. laga nr. 75/2010 sem breyttu 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki er m.a. kveðið á um að endurskipulagningu skuli lokið áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að starfsemi hófst og að ákvæði VII. og VIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, gilda um viðskiptaaðila sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélög þeirra, eignast a.m.k. 40% eignarhlut í. Frumvarpið tók breytingum í meðförum þingsins og kemur fram í nefndarálini meirihlutans að tillagan um breytingu á framangreindu ákvæði hafi byggst m.a. á frumvarpi um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þskj. 954 - 564. mál. En markmið þess var að stuðla að auknu gagnsæi, jafnræði og bættri samkeppnisstöðu á þeim mörkuðum þegar sem að minnsta kosti einn samkeppnisaðili er kominn í eigu fjármálafyrirtækis.


Í ljósi framangreinds má færa fyrir því rök að tekið hafi verið að einhverju leyti á efni 7. tölul. tillögunnar.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir umsagnarrétti, leggi ráðherra fram lagafrumvörp til innleiðingar tillagna samvinnuráðs.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Guðmundur Jónsson


Hildur Jóna Júlíusdóttir



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. þ 139/294
komudagur 18.11.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. nóvember 2010 02-2010110441

T-ums 68/10


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um
þjóðarsátt - 80. mál, þskj. 84.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 11. nóvember 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að lagt sé til að allir flokkar á Alþingi sammælist um að fela forsætisráðherra að koma á fót samvinnuráði sem leiti leiða til að styrkja atvinnuvegi landsins og efnahag þjóðarinnar til frambúðar í anda þjóðarsáttar.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki tilefni til að gera athugasemdir við efni tillögunnar enda fellur það utan við starfssvið embættisins.

Virðingarfyllt


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-12

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. nóvember 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt, 80. mál.

Efnahags- og skattanefnd hefur sent Samtökum atvinnulífsins til umsagnar ofangreinda tillögu til þingsályktunar, sbr. þingskjal 84. Samkvæmt tillögunni er forsætisráðherra falið að koma á fót samvinnuráði, vettvangi stjórnmalaflokka og hagsmunaaðila, til að ræða og leita leiða í anda þjóðarsáttar til langtímastyrkingar atvinnuvega landsins og efnahags þjóðarinnar til frambúðar.

Samtök atvinnulífsins taka undir mikilvægi samstöðu og samstarfs við úrlausn mikilvægra og flókinna mála sem snerta þjóðarhag. Á grundvelli þessa tóku samtökin heilshugar þátt í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnar, samtaka sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins sem undirritaður var 25. júní 2009 og var ætlað að skapa skilyrði fyrir sóknarfærum í atvinnulífmu, nýjum fjárfestingum, auknum umsvifum, fjölgun starfa, minna atvinnuleysi og meiri verðmætasköpun. Í sáttmálanum voru ákveðin viðmið um lækkun vaxta, endurreisn bankakerfisins og afnám gjaldeyrishafta í áföngum. Ennfremur voru í sáttmálanum áform um að greiða fyrir tilteknum framkvæmdum og fjárfestingum og leiðir að fjármögnun þeirra.

Því miður urðu efndir stjórnvalda á þeirra hlut sáttmálans minni en ásætlanlegt var. Stjórn SA samþykkti 22. mars 2010 að segja sig frá stöðugleikasáttmálanum, enda hefði ríkisstjórnin bæði með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi á þeim níu mánuðum sem liðnir voru frá undirritun stöðugleikasáttmálans vísað SA frá sáttmálanum. Á þeim átta mánuðum sem síðan hafa liðið hefur komið enn skýrar fram getuleysi ríkisstjórnarinnar við að greiða úr og leysa úr málum sem að henna snýr og er forsenda eðlilegra starfsskilyrða fyrirtækja í landinu.

SA hafa ítrekað lýst yfir vilja til samstarfs við aðra aðila á vinnumarkaðnum og ríkisstjórnina um að snúa af braut stöðunar og atvinnuleysis og hefja sókn í atvinnulífmu og skapa ný störf til að endurheimta á næstu árum lífsjör fólks. Að mati SA liggur fyrir hver eru brýnustu sameiginlegu úrlausnarefni þjóðarinnar til að endurheimta á næstu árum lífskjör fólks. Auk þeirra markmiða sem tilgreind eru í tillögunni sem hér er til umfjöllunar þá er sérstaklega mikilvægt að tryggja eðlilegt fjárflæði milli Íslands og annarra landa með opnum aðgangi að erlendu lánsfé, fjárfestingum og nýrri uppbyggingu í útflutningsgreinum. Það tryggir að gengi íslensku krónunnar geti hækkað á nýjan leik og nálgast jafnvægisgengi sem er lykilatriði til þess að ná niður verðhækkunum, bæta lífskjör og koma starfsemi fyrirtækja í ásætlanlegt horf.

Ónógar fjárfestingar eru lykilástæðan fyrir þeirri metnaðarlitlu framtíðarsýn sem kemur fram í spám um takmarkaðan hagvöxt á næstu árum. Fjárfestingar á Íslandi eru of litlar til að viðhalda samkeppnishæfni atvinnulífsins og tryggja störf til lengri tíma. Fjárfestingar, fyrst og fremst í



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

útflutningsgreinum, skapa bæði varanleg störf og störf til skemmri tíma. Þær tryggja auknar útflutningstekjur, styrkari gjaldmiðil og bætt lífskjör til lengri tíma.

Á næstu vikum verða kjarasamningar flestra stéttarfélaga lausir. Starf Samtaka atvinnulífsins á næstu mánuðum miðast við að gera kjarasamninga sem skapi skilyrði til að atvinnulífið komist upp úr kreppunni og nái fyrri styrk. SA hafa hvatt alla aðila vinnumarkaðarins um að sameinast um gerð kjarasamninga til a.m.k. þriggja ára sem leiði til sambærilegra og hóflegra launahækkana til að skapa grundvöll fyrir stöðugleika í launamálum og vinnufrið. Þá þurfa ríkisstjórn og Alþingi að skapa skilyrði sem hvetja fyrirtæki til fjárfestinga og nýráðninga. Saman þurfa því allir ábyrgir aðilar að leggja sitt af mörkum þannig að árangur náist.

Samtökin vilja því viðtækt samstarf um að virkja þann kraft sem býr í íslenskum fyrirtækjum, kraftinn sem getur skilað okkur upp úr kreppunni og fært okkur aftur störf og lífskjör sem glatast hafa.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins





Alþingi
Erindi nr. Þ 139/295
komudagur 18.11.2010

17. nóvember 2010
SÍ-68017

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 11. nóvember 2010, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt, 80. mál.

1. Samvinnuráð

Ekki er ljóst af þingsályktuninni hvort hugmyndin sé að formfesta samráðsvettvang stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila sem verið hefur til staðar í mörg ár eða hvort hugmyndin sé að setja á fót sérstaka stofnun sem fer með þau verkefni sem tilgreind eru.

Hvort sem er, þá gerir Seðlabankinn ekki athugasemd við þá hugmynd að koma á fót slíku ráði en vill þó vekja athygli á því að miðað við núverandi lög getur slíkt ráð ekki farið með ákvarðanir í peningamálum sem Seðlabankinn eða peningastefnunefnd hans fer með.

2. Verkefni samvinnuráðs

Verkefni samvinnuráðsins eru í tíu liðum og fer umsögn bankans við hvert þeirra hér á eftir.

1. „Almenn skuldaleiðrétting, með jafnræði, réttlæti og hagkvæmni að leiðarljósi, sem gagnist öllum.“
 - Seðlabankinn er sammála því að endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja sé mikilvæg forsenda efnahagsbata á Íslandi. Mikilvægi þessarar endurskipulagningar hefur enda verið ítrekað í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
 - Rannsóknir Seðlabankans á skuldum heimila og nýlegar niðurstöður sérfræðingahóps forsætisráðherra gefa hins vegar skýrt til kynna að flöt niðurfelling skulda, óháð

greiðslugetu, sé ákaflega ómarkviss og dýr ráðstöfun og feli því í sér soun á almannafé. Seðlabankinn hefur því lagst gegn slíkri útfærslu á endurskipulagningu skulda.

2. „Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands.“

- Seðlabankinn vill minna á að samkvæmt lögum hefur peningastefnunefnd Seðlabankans fullt sjálfstæði gagnvart pólitískum stjórnvöldum til að ákveða vexti bankans og aðra þætti peningastefnunnar. Þingsályktunartillagan myndi því kalla á lagabreytingu sem væri fráhrarf frá því sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum og gengi þvert gegn reynslu annarra landa og niðurstöðum fjölda rannsókna um hvernig fyrirkomulagi peningastefnunnar er best hátað. Tillagan gengi einnig gegn því markmiði stjórnvalda að Ísland verði aðili að Evrópusambandinu, þar sem gerð er skýr krafa um sjálfstæði peningastefnunnar gagnvart pólitískum stjórnvöldum.
- Um rökin fyrir núverandi framkvæmd peningastefnunnar og þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið hefur ítrekað verið fjallað um í yfirlýsingum og fundargerðum peningastefnunefndar, í riti Seðlabankans *Peningamálum* og í greinargerðum sem fylgja efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

3. „Trygging stöðugs verðlags.“

- Verðstöðugleiki er grundvallarforsenda efnahagslegs stöðugleika hvers lands og því engin tilviljun að verðstöðugleiki sé gerður að meginmarkmiði peningastefnunnar um allan heim. Er það gert í ljósi rannsókna og reynslu. Sömu rannsóknir og reynsla gefa einnig skýrt til kynna að viðvarandi verðstöðugleiki verður ekki tryggður nema með skynsamlega framkvæmdri peningastefnu sem ákvörðuð er af sjálfstæðum seðlabanka. Aðrar aðgerðir, eins og t.d. breytingar á neyslusköttum, geta hins vegar eingöngu haft tímabundin áhrif á verðbólgu. Þær eru því ekki heppilegt verkfæri til að stuðla að varanlegum stöðugleika verðlags.

4. „Atvinnuskapandi framkvæmdir.“


- Að stuðla að aukinni fjárfestingu í kjölfar fjármálakreppunnar er afar brýnt. Þannig er skotið stöðum undir efnahagsbatann og langtíma hagvaxtargeta þjóðarbúsins styrkt. Að því leyti sem

atvinnuskapandi framkvæmdir eru byggðar á eðlilegum viðskipalegum forsendum, svo fjármunum verði ekki kastað á glæ, styður Seðlabankinn slíka viðleitni.


5. „Jöfnun áhættu í skiptum lánveitenda og lántaka.“
 - Seðlabankinn er sammála því að lánveitandi þurfi að gæta að sér við lánveitingar og að regluverkið þurfi að vera þannig að hann gæti varkárni í rekstri.
 - Eins og ítrekað hefur komið fram í umsögnum bankans um notkun verðtryggingar lánasamninga, telur bankinn að besta leiðin til að draga úr notkun verðtryggingar, ef hún á annað borð er talin slæm, sé að tryggja viðvarandi lága og stöðuga verðbólgu.
6. „Stytting fyrningarfresta krafna eftir gjaldþrot.“
 - Lögum um fyrningarfrest hefur þegar verið breytt.
7. „Jöfnun samkeppnisstöðu fyrirtækja á markaði.“
 - Seðlabankinn styður það að skýrar reglur séu fyrir hendi svo að eignarhald fjármálastofnana á rekstrarfélögum skekki ekki samkeppnisstöðu á markaði.
8. „Sköpun stöðugleika og festu í rekstri ríkisins.“
 - Seðlabankinn er sammála því að mikilvægt sé að stuðla að stöðugleika og festu í rekstri ríkisins. Það er til þess fallið að draga úr hagsveiflum. Í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur fjármálaregla þegar verið tekin upp sem mikilvægur liður í að skapa slíka festu. Mikilvægt er að skapa þverpólítíska samstöðu um slíka reglu.
9. „Gerð langtímaáætlana um útgjöld ríkisins.“
 - Seðlabankinn er sammála mikilvægi þess að gerðar séu langtímaáætlanir í ríkisfjármálum og að þeim sé fylgt við framkvæmd fjárlaga. Í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur slík áætlun verið undirbúin, en huga þarf að því að stofnanaleg umgjörð slíkrar áætlanagerðar sé nægilega traust.
10. „Endurskipulagning ríkisfjármála og endurskoðun samstarfsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.“
 - Efnahagsáætlunin er í stöðugri endurskoðun eftir því sem efnahagsaðstæður breytast. Áætlað er að fjórðu endurskoðun efnahagsáætlunarinnar ljúki um nk.

áramót. Seðlabankinn er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að hvika ekki frá meginmarkmiðum áætlunarinnar um aðhald í ríkisfjármálum, endurreisn fjármálakerfisins og stöðugleika í peninga- og gengismálum.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri



Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 139/384
komudagur 25.11.2010



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt. (80.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í stofnun samvinnuráðs um þjóðarsátt.

Viðskiptaráð fagnar hugmyndum um stofnun samvinnuráðs þar sem stjórn málaflokkar og hagsmunaaðilar koma saman til að ræða og finna lausnir á þeim málum sem hvíla þyngst á samfélaginu. Löngu tímabært er að koma á samstarfi og viðræðum milli allra stjórn málaflokka og hagsmunaaðila, þar sem allir koma sínum sjónarmiðum að og vinna sameiginlega að þeirri lausn sem þjónar þjóðinni sem heild. Það verður þó að beina því til þeirra sem að samvinnuráði munu standa að grunnur árangurs af slíku ráði er að vel sé staðið að samstarfi aðila og að sjónarmið allra líti dagsins ljós.

Viðskiptaráð telur að áherslur nefndarinnar megi vera með breyttum hætti en fram kemur í ofangreindri tillögu. Þau markmið sem koma fram í tillögunni eru víðtæk og yfirgripsmikil. Það verður að telja líklegra til árangurs og sátta að taka fyrir þau mál sem er hvað brýnast að lausn náist með þjóðarhagsmuni að leiðarljósi og með því sniði að raunhæft verði að ná slíkum markmiðum. Vinna samvinnuráðs á að vera lausnamiðuð og taka á því sem ekki getur beðið lausnar lengur.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands